

---

**F U N D A R G E R Ð**

<b>Fundur:</b>	<b>70. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 28. mars 2000, kl. 13:00</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Landsvirkjun, stjórnstöð Bústaðavegi</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Breytingar með tilkomu Rafveitu Akureyrar í START. 2) Staða skráningar ársins 1999. 3) Breytingar á Nordel samstarfi. 4) Gæði raforku. 5) Heimasíða START. 6) Lagfæringar á forriti til skráningar truflana. 7) Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:

START:	Guðmundur I. Ásmundsson Rúnar Svavar Svavarsson Pétur E. Þórðarson Jakob Ólafsson Ólafur Pálsson Egill Sigmundsson Gunnar Haukur Gunnarsson
Landsvirkjun:	Helga Jóhannsdóttir
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) GIÁ bauð Gunnar Hauk Gunnarsson velkominn til starfa með START sem fulltrúi Rafveitu Akureyrar. Rafveita Akureyrar verður þar með fullgildur meðlimur í þessu starfi. Samþykkt var að Rafveita Akureyra greiddi jafnan hlut á við Orkubú Vestfjarða og Hitaveitu Suðurnesja en Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins greiða tvöfalt á við þessar veitur. Einnig var Egill Sigmundsson boðinn velkominn til starfa en hann tekur við af Leó sem fulltrúi Hitaveitu Suðurnesja.
- 2) JV sagði að búið væri að fara yfir gögn frá Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Orkuveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Suðurnesja og verið væri að fara yfir gögn frá Rafveitu Akureyrar. Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða eru búin að ganga

frá truflunum síðasta árs. PEÞ sagði að það væru allt að 3 vikur uns gögn yrðu tilbúin hjá Rafmagnsveitum ríkisins en hann lofaði að senda gögn árána 1997 og 1998 næstu daga. HJ sagði að skýrsla Landsvirkjunar um truflanir síðasta árs væri komin út og hefði hún verið send til fundarmanna. Helga fór yfir helstu atriði í skýrslunni og taldi að gera þyrfti skráningu ítarlegri t.d. vegna þess hve oft orsök væri tæknilegt annað. JV benti á að einnig þyrfti að lagfæra veður og breyta þeim þætti í umhverfisþætti.

- 3) GIA sagði að eins og rætt var á síðasta fundi hefur verið starfandi Nordel nefnd um endurskoðun á skráningu rekstrartruflana. Þegar hann hafi ætlað að fara að kanna með þátttöku okkar kom boð frá nefndinni og tók hann þátt í fundi 22. febrúar síðastliðinn. Hann dreifði fundargerð frá þeim fundi og sagði að stefnt væri að því að breyta skráningunni þannig að hún fjallaði einungis um flutningskerfið og væru spennumörk hækkuð í 100 kV auk þess sem hætt verður að skrá truflanir í vatnsaflsvirkjunum. Lagt er til að miða við nýjar skilgreiningar frá Noregi og hafa gömlu Nordel leiðbeiningarnar verið lagfærðar út frá þeim og á að koma með athugasemdir við þær á næsta fundi. GIA dreifði Nordel leiðbeiningunum og einnig skilgreiningum frá Noregi. Einnig nefndi hann að Nordel væri að breytast í samtök þeirra sem reka flutningskerfin á Norðurlöndunum. Vinnsluaðilar neita aftur á móti að gefa upplýsingar um rekstrartruflanir. Ákveðið var að skipa undirhóp til að fara yfir Nordel tillögurnar og koma með tillögur að breytingum á skráningunni hér. Eftirtaldir skipa hópinn:

Jón Vilhjálmsson, kallar saman hópinn  
Helga Jóhannsdóttir  
Kjartan Rolf Árnason  
Rúnar Svavar Svavarsson

- 4) Karl frá Orkuveitu Reykjavíkur koma á fundinn en hann sér um mælingar þegar kvartanir koma frá notendum. Hann sýndi einfaldan spennurita sem settur er í samband hjá notendum við kvartanir og spenna er mæld í einn sólarhring á 15 sekúndna fresti. Ef þetta er ekki nægjanlegt er notað tæki frá Simens, Oscillostore P513 sem er með 8 inngöngum og getur auk spennu greint yfirtóna og fangað "transienta". Úrvinnsluforrit fylgir síðan með tækinu. Þetta tæki er nokkuð dýrt (um 1,2 Mkr). RSS sagði að staðið hafi til að setja tæki í dreifistöðvar til að gera viðtæka úttekt á gæðapáttum. JÓ sagði að Orkubúið ætti eins tæki. Einnig var bent á að Samey væri með stöðvar sem væru mun ódýrari en ekki eins öflugar (0,4 Mkr). GIÁ sagði að Landsvirkjun væri að setja upp

heimasmíðaðar stöðvar. Skráning á gæðapáttum er því að aukast í kerfinu og gæti því komið fljótlega að því að hægt yrði að taka saman yfirlit um slíkt í kerfinu. JV sagðist hafa verið að safna gögnum um gæði raforku. Hann sagðist hafa fengið gögn frá erlendri ráðstefni frá Kjartani Rolf Árnasyni, Cenelec staðal um spennugæði sem jafnframt er íslenskur staðall var hann með og einnig staðal frá IEC. Hann sagðist einnig hafa keypt staðal frá IEEE (IEEE Recommended Practices and Requirements for Harmonic Control in Electric Power Systems) auk þess sem hann væri búinn að safna nokkuð af greinum um efnið. Hann sagðist eiga í pöntun bók um gæði raforku.

- 5) JV minnti menn á að skoða heimasíðu nefndarinnar.
- 6) JV sagði að tekið hefði verið saman yfirlit um athugasemdir sem gerðar hafa verið við skráningarforrit truflana síðustu tvö árin og hefði hann sent það til Ragnars hjá OV, Páls hjá LV og RSS. Hann dreifði einu blaði með helstu lagfæringum sem gera þyrfti á forritinu. GIÁ benti á að væntanlega þyrfti að gera frekari lagfæringar þegar nýjar skilgreiningar Nordel liggja fyrir.
- 7) JV sagðist ekki vera búinn að ræða við Rafveitu Hafnarfjarðar um þátttöku í starfinu. Hann sagðist hafa rætt við Samorku um að kynna heimasíðu nefndarinnar en þeir væru þar að auki að hvetja litlu veiturnar til að taka upp þessa skráningu vegna krafa frá Löggildingarstofunni. Hann sagði einnig að Löggildingarstofan hefði rætt við sig fyrir nokkrum mánuðum og fengið handbækur hópsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Fundargerð: “Nordel statistikmöte 2000-02-22”. (GIÁ)  
“Definisjoner knyttet til feil og avbrudd I det elektriske kraftsystemet – Version 2”. (GIÁ)  
“Nordels riktlinjer för klassificering av driftsstörningar och fel”. (GIÁ)  
“Breytingar á skráningarkerfi rekstrartruflana”. (JV)